

SAMKOMULAG

Launanefndar þjóðkirkjunnar og Félags íslenskra hljómlistarmanna
FÍO/Organistadeildar um breytingar og framlengingu kjarasamnings aðila.

Launanefnd þjóðkirkjunnar og Félags íslenskra hljómlistarmanna
FÍO/Organistadeildar gera með sér samkomulag um framlengingu kjarasamnings,
sem var í gildi frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2022, með eftirfarandi breytingum á
kjarasamningum:

1.1 Mánaðarlaun

Mánaðarlaun organista í fullu starfi skulu frá 1. janúar 2023 vera skv. launatöflu sem
fylgir samkomulagi þessu, sjá fskj. Laun hækka um 7,2%, þak hækkunar er kr. 66.000.

1.7 Persónuuppbót (desemberuppbót)

Persónuuppbót (desemberuppbót) verður á árinu 2023 kr. 103.000.

5.2 Orlofsuppbót

Orlofsuppbót verður á árinu 2023 kr. 56.000.

7.9 Sorgarleyfi

Organistar eiga rétt á sorgarleyfi vegna andláts nákominna s.s. barna, maka, foreldra
eða systkina í allt að tvær vikur ár hvert.

17 Gildistími

Samkomulag þetta gildir frá 1. janúar 2023 til 31. mars 2024.

Samningsaðilar skulu bera samkomulag þetta upp til samþykktar, ásamt bókunum
og fylgiskjölum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00
föstudaginn 26. maí 2023 skoðast það samþykkt.

Reykjavík, 10. maí 2023

F.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna

FÍO/Organistadeildar

með fyrirvara um samþykki

hluteigandi félagsmanna


F.h. Launanefndar þjóðkirkjunnar

með fyrirvara um samþykki

hluteigandi sóknanefnda













Bókun I

Um röðun í launaflokka

Samingsaðilar eru sammála um að ræða röðun í launaflokka vegna umfangs starfs svo og færni í starfi með tilliti til þeirra framhaldsmenntunarstiga organista sem eru ekki í boði á Íslandi og þeir hafa aflað sér erlendis.

Bókun II

Um útfærslu styttingu vinnutíma

Samningsaðilar eru sammála um að ná megi fram gagnkvæmum ávinningi organista og sókna með styttingu vinnutíma organista. Meðal helstu markmiða styttingarinnar eru bætt vinnustaðamenning og betri nýting á vinnutíma.

Stytting vinnuvikunnar getur verið mismunandi eftir sóknum en sóknarnefndir og organisti í hverri sókn semja um útfærslu á styttingu vinnutíma. Lögð er áhersla á að ekki er verið að veita afslátt af vinnu, enn er um 40 stunda vinnuviku að ræða, en hagræðing kemur á móti styttingunni. Liðir í reiknitöflu eiga því við sem og áður.

Til að ná fram styttingu á vinnutíma þarf samhliða að skoða breytingar á vinnufyrirkomulagi, verklagi, samvinnu og tímastjórnun til að ná fram markmiðum um gagnkvæman ávinning organista og vinnustaðarins. Umbætur eru því forsenda þess að hægt sé að stytta vinnutímamann.

Organisti í hlutastarfi fær vinnutímastyttingu í hlutfalli við sitt starfshlutfall.

Tillögur að styttingu vinnutíma:

A. Stytting á hverjum degi

- Stytting á virkum vinnutíma sem nemur 13 mínútum á dag (65 mínútur/5 dagar)
- 35 mínútur í matartíma á dag
- Vinnutími t.d. kl. 8-15:47

(Virkur vinnutími á viku samtals 36 stundir)

B. Stytting einu sinni í viku

- Samanlögð stytting á virkum vinnutíma sem nemur 65 mínútum á viku (65 mínútur/1 dagur)
- 35 mínútur í matartíma á dag
- Vinnutími fjóra daga vikunnar kl. 8-16
- Vinnutími einn dag vikunnar kl. 8-14:55

(Virkur vinnutími á viku samtals 36 stundir)

C. Stytting útfærð nánar á stofnun

- Samanlögð stytting á virkum vinnutíma sem nemur 65 mínútum á viku (nánar útfært á stofnun)
- 0-35 mínútur í matartíma á dag. (Allt að 2,55 á viku til útfærslu á stofnun)
- Vinnutími mánudaga til föstudaga nánar útfærður á stofnun
- Vikuleg viðverustytting allt að $(1,05 + 2,55) = 4$

(Virkur vinnutími á viku samtals 36 stundir)

D. Stytting einu sinni í mánuði

- Samanlögð stytting á virkum vinnutíma sem nemur 65 mín á viku og reiknað er með að meðaltali séu 4,33 vikur í hverjum mánuði ($52/12 = 4,33$)
- 35 mínútur í matartíma á dag
- Vinnutími fjóra daga vikunnar kl. 8-16
- Vinnutími einn dag vikunnar kl. 8-11:18

E. Stytting einu sinni á ári

- Samanlögð stytting á virkum vinnutíma sem nemur 65 mín á viku og 52 vikur í ári (3.380 mín yfir árið eða 56 klst. eða 7 dagar)
- 35 mínútur í matartíma á dag
- Stytting vinnuvikunnar eru alls 7 dagar yfir árið
- Lögð er áhersla á að dagarnir séu teknir á þeim tíma árs sem lítið starf er í sókninni t.d. yfir sumarmánuðina. Ekki er gert ráð fyrir því að styttingin sé tekin á sunnudögum eða á dögum þar sem mikið starf er í gangi í sókninni

Bókun III

Um tilhögun á greiðslum fyrir útvarpsmessur

Hefð hefur verið fyrir að organistar sinni útvarpsmessum. Ætla má að almennt ein útvarpsmessa sé á hverju ári í hverri sókn. Vegna breytinga á framkvæmd RÚV er það algengast að sérupptaka sé á fimmtudögum í stað beinnar útsendingar á sunnudagsmessutíma, sem kallar á ólíkar útfærslur.

Aðilar eru sammála að samið sé á milli vinnuveitanda og hvers organista á útfærslu, þannig að hagrætt verði í öðrum liðum á móti til að mæta auknu álagi organista af þessu nýja verklagi, þó þannig að komi ekki niður á hefðbundnu helgihaldi.

Bókun IV

Um fjölda vinnustunda

Samningsaðilar eru sammála um að reiknitaflan, sem er höfð til viðmiðunar þegar organisti er ráðinn hjá sókn, verði skoðuð á samningstímanum með tilliti til breytinga á vinnustundafjölda.

Bókun V

Um bókanir í kjarasamningi

Bókun I í kjarasamningi fellur brott.

Bókun II heldur gildi sínu.

Viðauki I – Launatafla 1. janúar 2023 – 31. mars 2024



Launatafla organista - tekur gildi 1. janúar 2023

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	424.734	435.352	445.971	456.589	467.207	477.826	488.444	499.062	509.681
2	441.764	452.808	463.852	474.896	485.940	496.984	508.028	519.072	530.116
3	459.644	471.135	482.626	494.117	505.608	517.099	528.590	540.081	551.572
4	478.419	490.379	502.340	514.300	526.260	538.221	550.181	562.142	574.102
5	498.132	510.585	523.038	535.491	547.945	560.398	572.851	585.305	597.758
6	518.831	531.802	544.772	557.743	570.714	583.685	596.655	609.626	622.597
7	540.565	554.079	567.593	581.107	594.621	608.135	621.649	635.163	648.677
8	563.385	577.470	591.555	605.639	619.724	633.808	647.893	661.978	676.062
9	587.348	602.031	616.715	631.399	646.083	660.766	675.450	690.134	704.817
10	612.506	627.819	643.132	658.444	673.757	689.070	704.382	719.695	735.008
11	638.925	654.898	670.871	686.844	702.817	718.790	734.764	750.737	766.710
12	666.663	683.329	699.996	716.663	733.329	749.996	766.662	783.329	799.995
13	699.433	716.919	734.404	751.890	769.376	786.862	804.348	821.834	839.319
14	733.842	752.188	770.534	788.880	807.226	825.572	843.918	862.264	880.610
15	769.972	789.221	808.470	827.719	846.969	866.218	885.467	904.717	923.966
16	807.907	828.105	848.303	868.500	888.698	908.896	929.094	949.291	969.489
17	847.740	868.933	890.127	911.320	932.514	953.707	974.901	996.094	1.017.288
18	889.564	911.803	934.042	956.281	978.520	1.000.759	1.022.998	1.045.237	1.067.477
19	933.479	956.816	980.153	1.003.490	1.026.827	1.050.164	1.073.501	1.096.838	1.120.175
20	979.590	1.004.080	1.028.570	1.053.060	1.077.549	1.102.039	1.126.529	1.151.019	1.175.508
21	1.024.962	1.050.586	1.076.210	1.101.834	1.127.458	1.153.082	1.178.706	1.204.330	1.229.954
22	1.072.385	1.099.195	1.126.004	1.152.814	1.179.624	1.206.433	1.233.243	1.260.052	1.286.862
23	1.122.179	1.150.233	1.178.288	1.206.342	1.234.397	1.262.451	1.290.506	1.318.560	1.346.615
24	1.174.463	1.203.825	1.233.186	1.262.548	1.291.909	1.321.271	1.350.632	1.379.994	1.409.356
25	1.229.361	1.260.095	1.290.829	1.321.563	1.352.297	1.383.031	1.413.765	1.444.499	1.475.233
26	1.287.004	1.319.179	1.351.354	1.383.529	1.415.704	1.447.880	1.480.055	1.512.230	1.544.405
27	1.337.030	1.370.456	1.403.882	1.437.307	1.470.733	1.504.159	1.537.585	1.571.010	1.604.436